

# Ferðatryggingasjóður

## Ársreikningur

### 2025

Ferðatryggingasjóður  
Geirsgötu 9  
101 Reykjavík  
kt. 640821-1750

# Ferðatryggingasjóður

## Ársreikningur

### 2025

#### Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Ferðatryggingasjóði

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ferðatryggingasjóðs á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Ferðatryggingasjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábending vegna óvissu um niðurstöu lögfræðimála.

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 14 í ársreikningnum þar sem fram kemur að sjóðurinn er aðili að lögfræðimálum. Niðurstaða málanna liggur ekki fyrir og því er óvissa um hugsanleg fjárhagsleg áhrif.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Ferðatryggingasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Bolungarvík, 23. júní 2026

**Endurskoðun Vestfjarða ehf.**

Jón Þorgeir Einarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Ferðatryggingasjóðs fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Ferðatryggingasjóður var stofnaður á árinu 2021. Sjóðurinn er sameiginlegur tryggingasjóður ferðaskrifstofa sem tryggir endurgreiðslur til ferðamanna við ógjaldfærni eða gjaldþrot seljanda pakkaferða. Ferðatryggingasjóður er sjálfseignarstofnun.

<b>Starfsemin á árinu</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Iðgjaldtekjur sjóðsins.....	72.065.145	79.465.732
Stofngjöld til sjóðsins.....	32.235.077	43.980.017
(Tap)Hagnaður sjóðsins nam.....	(34.085.801)	104.662.382
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
Eignir félagsins námu.....	736.658.825	599.070.198
Bókfært eigið fé nam.....	586.557.317	588.408.041
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	79,6%	98,2%

Á árinu 2025 greiddu 422 ferðaskrifstofur iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs og 114 ferðaskrifstofur greiddu stofngjöld til sjóðsins.

Á árinu 2025 kom til ógjaldfærni eða gjaldþrots tveggja ferðaskrifstofa, sbr. skýringu 5 með ársreikningi, og bar sjóðnum að endurgreiða ferðamönnum til samræmis við 26. gr. laga nr. 95/2018. Gjaldfærðar kröfur vegna þessa nema kr. 136.664.826 á árinu 2025. Greiðslur til ferðamanna voru framkvæmdar árið 2026 og við það stofnuðust kröfur á hendur viðkomandi ferðaskrifstofu eða þrotabúi, sbr. 26. gr. a. sömu laga.

## Óvissuþættir í rekstri

Ferðatryggingarsjóður er aðili að lögfræðimálum þar sem þrjár ferðaskrifstofur hafa stefnt sjóðnum og íslenska ríkinu til endurgreiðslu á iðgjöldum ásamt vöxtum. Byggja ferðaskrifstofurnar stefnu sína á því að greiðsla iðgjalds til Ferðatryggingasjóðs sé ekki greiðsla iðgjalds heldur greiðsla skatts. Telja ferðaskrifstofurnar að umrætt iðgjald skorti lagastoð og gera þær kröfu um endurgreiðslu iðgjaldsins á grundvelli meintra fjölþættra annmarka sem valdi ólögmati þess. Að mati stjórnenda Ferðatryggingasjóðs og að höfðu samráði við lögfræðing sjóðsins, er ekki unnt að meta með áreiðanlegum hætti hugsanleg fjárhagsleg áhrif málsins á þessum tímapunkti. Það er þó ljóst að ef lögfræðimálin tapast með endanlegum dómi þá getur það haft veruleg áhrif á núverandi fyrirkomulag sjóðsins til innheimtu iðgjalda. Sjóðurinn færir enga skuldbindingu vegna þessara lögfræðimála í ársreikningnum.

## Tillaga um ráðstöfun taps ársins

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins.

Stjórn Ferðatryggingasjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. júní 2026

## Í stjórn

Andri Björgvin Arnþórsson stjórnarformaður

Jóhann Tómas Sigurðsson meðstjórnandi

Rannveig Grétarsdóttir meðstjórnandi

## Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur .....	4	72.065.145	79.465.732
Tryggingavernd .....	5	(136.664.826)	0
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	6	(2.861.090)	(2.861.090)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	7	(4.152.161)	(2.160.581)
Afskriftir iðgjalda .....		(256.663)	0
<b>(Rekstrartap), rekstrarhagnaður</b>		<b>(71.869.595)</b>	<b>74.444.061</b>
Fjármunatekjur .....		48.440.761	38.825.804
Fjármagnsgjöld .....		(10.656.967)	(8.607.483)
	8	37.783.794	30.218.321
<b>(Tap), hagnaður ársins</b>		<b>(34.085.801)</b>	<b>104.662.382</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Skuldabréfaeign .....	9	630.790.458	573.565.202
		<u>630.790.458</u>	<u>573.565.202</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimt iðgjöld .....	10	1.988.914	1.761.178
Handbært fé .....		103.879.453	23.743.818
		<u>105.868.367</u>	<u>25.504.996</u>
<b>Eignir</b>		<u>736.658.825</u>	<u>599.070.198</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Stofngjöld .....	11	278.914.209	246.679.132
Óráðstafað eigið fé .....		307.643.108	341.728.909
<b>Eigið fé</b>		<u>586.557.317</u>	<u>588.408.041</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	13	5.086.781	5.734.660
Skuldir vegna tryggingaverndar .....	12	136.664.826	0
Fjármagnstekjuskattur .....	12	6.919.356	4.157.168
Aðrar skammtímaskuldir .....	13	1.430.545	770.329
		<u>150.101.508</u>	<u>10.662.157</u>
Skuldir		<u>150.101.508</u>	<u>10.662.157</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>736.658.825</u>	<u>599.070.198</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður .....		(71.869.595)	74.444.061
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(71.869.595)	74.444.061
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....		(227.736)	(855.325)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun .....		136.677.163	1.961.064
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		64.579.832	75.549.800
Innborgaðir vextir og arður .....		1.503.015	14.445.132
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....		(7.894.779)	(5.604.608)
Greiddir vextir .....		0	(67.288)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>58.188.068</b>	<b>84.323.036</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keypt/seld skuldabréf .....		(31.221.539)	(296.181.628)
Afborganir skuldabréfa .....		20.934.029	11.809.032
		<b>(10.287.510)</b>	<b>(284.372.596)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborguð stofngjöld .....	11	32.235.077	43.980.017
		<b>32.235.077</b>	<b>43.980.017</b>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár .....		80.135.635	(156.069.543)
Handbært fé í upphafi árs .....		23.743.818	179.813.361
Handbært fé í lok árs .....		<b>103.879.453</b>	<b>23.743.818</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ferðatryggingasjóður er sameiginlegur sjóður ferðaskrifstofa sem tryggir endurgreiðslur til ferðamanna við ógjaldfærni eða gjaldþrot seljanda pakkaferða. Ferðatryggingasjóður er sjálfseignarstofnun.

Ferðatryggingasjóður er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Verðbréfaeign sjóðsins er færð á markaðsverði.

Viðskiptaþóknunir eru færðar til lækkunar vaxtatekjum, verðbótum og gengismun en umsýsluþóknun fyrir eignastýringu og vörsluþóknun eru færðar sem sérstakur liður meðal gjalda.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Iðgjöld

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar árleg iðgjöld til Ferðatryggingasjóðs sem er ákveðið af stjórn Ferðatryggingasjóðs eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Á árinu 2025 námu iðgjöldin kr. 72.065.145.

## 5. Tryggingavernd

Á árinu 2025 bárust Ferðatryggingasjóði kröfur vegna gjaldþrots Komdu út ehf. og ógjaldfærni Tango Travel ehf. Kröfur að fjárhæð kr. 136.664.826 eru gjaldfærðar hjá sjóðnum árið 2025, kr. 65.757.827 vegna Komdu út ehf. og kr. 70.906.999 vegna Tango Travel ehf. Þar sem kröfurnar eru ekki greiddar fyrr en á árinu 2026 eru þær færðar til skuldar í efnahagsreikningi sjóðsins þann 31/12 2025. Við greiðslu ofangreindra krafna stofnast krafa sjóðsins á hendur ofangreindum ferðaskrifstofum eða þrotabúum þeirra.

## 6. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Stjórnarlausn .....	2.400.000	2.400.000
Lífeyrissjóður .....	288.000	288.000
Tryggingagjald .....	170.690	170.690
Önnur launatengd gjöld .....	2.400	2.400
	<u>2.861.090</u>	<u>2.861.090</u>

## 7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2025	2024
Aðkeypt bókhald, reikningsskil og endurskoðun .....	1.770.674	1.241.844
Lögfræðisþjónusta .....	798.777	0
Funda- og viðskiptakostnaður .....	0	41.410
Eignastýringa- og vörsluþóknun .....	1.506.660	775.127
Annar kostnaður .....	76.050	102.200
	<u>4.152.161</u>	<u>2.160.581</u>

# Skýringar

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	1.503.015	14.445.132
Vaxtatekjur og verðbótahækkun af skuldabréfaeign .....	46.937.746	24.380.672
	<u>48.440.761</u>	<u>38.825.804</u>
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Dráttarvaxtagjöld .....	0	(67.288)
Fjármagnstekjuskattur .....	(10.656.967)	(8.540.195)
	<u>(10.656.967)</u>	<u>(8.607.483)</u>
	<u>37.783.794</u>	<u>30.218.321</u>

## 9. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	2025	2024
Staða í ársbyrjun .....	573.565.202	264.811.934
Keypt á árinu .....	174.051.361	360.780.301
Selt og innleyst á árinu .....	(142.829.822)	(64.598.673)
Afborganir á árinu .....	(20.934.029)	(11.809.032)
Verðbreytignar .....	46.937.746	24.380.672
Staða í árslok .....	<u>630.790.458</u>	<u>573.565.202</u>

Skuldabréfin eru ríkisskuldabréf og í vörslu Arion banka hf.

## 10. Aðrar peningalegar eignir

Óinnheimt iðgjöld	2025	2024
Innlendar viðskiptakröfur .....	3.169.571	1.761.178
Óbein afskrift viðskiptakrafna .....	(1.180.657)	
	<u>3.169.571</u>	<u>1.761.178</u>

## 11. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofngjöld	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2024 .....	202.699.115	237.066.527	439.765.642
Ný stofngjöld .....	43.980.017		43.980.017
Hagnaður ársins .....		104.662.382	104.662.382
Eigið fé 1.1.2025 .....	<u>246.679.132</u>	<u>341.728.909</u>	<u>588.408.041</u>
Ný stofngjöld .....	32.235.077		32.235.077
Tap ársins .....		(34.085.801)	(34.085.801)
Eigið fé 31.12.2025 .....	<u>278.914.209</u>	<u>307.643.108</u>	<u>586.557.317</u>

Samkvæmt lögum nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun greiða nýir seljendur pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar stofngjöld til Ferðatryggingasjóðs sem reiknast 1,5% af grunntryggingarfjárhæð. Á árinu 2025 námu stofngjöldin kr. 32.235.077. Stofngjöldin eru óendurkræf.

# Skýringar

## 12. Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur af hagnaði verðbréfa er færður til gjalda og skuldar í árslok. Sá hluti fjármagnstekjuskatts sem er vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa í árslok myndar skuldbindingu.

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

<b>Viðskiptaskuldir</b>	<u>2025</u>	<u>2024</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	5.086.781	5.734.660
	<u>5.086.781</u>	<u>5.734.660</u>
<b>Skuldir vegna tryggingaverndar</b>		
Skuldir vegna tryggingaverndar .....	136.664.826	0
	<u>136.664.826</u>	<u>0</u>
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	1.430.545	770.329
	<u>1.430.545</u>	<u>770.329</u>

## 14. Önnur mál

Ferðatryggingarsjóður er aðili að lögfræðimálum þar sem þrjár ferðaskrifstofur hafa stefnt sjóðnum og íslenska ríkinu til endurgreiðslu á iðgjöldum ásamt vöxtum. Byggja ferðaskrifstofurnar stefnu sína á því að greiðsla iðgjalds til Ferðatryggingasjóðs sé ekki greiðsla iðgjalds heldur greiðsla skatts. Telja ferðaskrifstofurnar að umrætt iðgjald skorti lagastoð og gera þær kröfu um endurgreiðslu iðgjaldsins á grundvelli meintra fjölpættra annmarka sem valdi ólögmati þess. Að mati stjórnenda Ferðatryggingasjóðs og að höfðu samráði við lögfræðing sjóðsins, er ekki unnt að meta með áreiðanlegum hætti hugsanleg fjárhagsleg áhrif málsins á þessum tímavarki. Það er þó ljóst að ef lögfræðimálin tapast með endanlegum dómi þá getur það haft veruleg áhrif á núverandi fyrirkomulag sjóðsins til innheimtu iðgjalda. Sjóðurinn færir enga skuldbindingu vegna þessara lögfræðimála í ársreikningnum.

## 15. Reikningsskilaaðferðir

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.